

Úthlutunarreglur verkefnisins

Betri Borgarfjörður

2020

1. Umsóknum skal skilað rafrænt á þar til gerðu eyðublaði.
2. Verkefni sem sótt er um fyrir þurfa fyrst og fremst að vera til þess fallin að efla samfélagið á Borgarfirði eystra.
3. Umsækjendum er heitið trúnaði um það sem fram kemur í umsókn og varðar verkefnið sem sótt er um styrk til meðan á umsóknarferlinu stendur. Að úthlutun lokinni verður birtur opinberlega listi yfir styrkt verkefni ásamt stuttri lýsingu, styrkupp hæð og nöfnum styrkþega.
4. Verkefni eða sá hluti verkefnis sem styrktur er skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Sé um að ræða langtíma verkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og óska einungis eftir styrk fyrir þeim hluta sem áætlað er að ljúka innan 12 mánaða frá undirskrift samnings um styrkveitinguna.
5. Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega innan þriggja mánaða frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður.
6. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna og samkvæmt samningi. Forsenda greiðslna er að áfanga- eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt. Lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt af verkefnisstjórn. Þangað til skal halda eftir 50% af styrkupp hæð.
7. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.
8. Til ráðstöfunar eru 5 milljónir króna. Ekki er krafist mótframlags umsækjenda.
9. Við mat á umsóknum verður tekið mið af hversu vel verkefnið fellur að skilaboðum frá íbúáþingi, árlegum íbúafundum eftir það og stefnumótun verkefnisins.
10. Einnig verður horft til þess hvort:
 - Útkoma verkefnisins nýtist sem flestum í byggðalaginu.
 - Verkefnið trufla samkeppni á þjónustusóknarsvæðinu.
 - Verkefnið leiði til atvinnusköpunar á heilsársgrundvelli.
 - Útfærsla verkefnisins sé líkleg til árangurs og þekking/reynsla sé til staðar.
 - Markaðs- og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar.
 - Áhrifa verkefnis gæti fyrst og fremst á Borgarfirði eystra.
 - Verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu.
 - Styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis.
11. Ef fyrir liggur að verkefni umsóknaraðila raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í aðstöðu, þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru forsenda fyrir framleiðslu afurða og þjónustu.
12. Samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, samþykkir umsækjandi að Austurbrú afli og vinni með þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fjalla um og greina umsókn.

Ítarefni:

Styrkjareglur Brothættra byggða í heild sinni má finna hér:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklygings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2.2-juni-2017.pdf

Skilaboð íbúáþings 2018:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Borgarfj/borgarfj.-eystri-ibuathing-samantekt.pdf

BORGARFJARÐARHREPPUR



BYGGÐASTOFNUN

